

**Ed.**

**92. Frumvarp til laga**

**[69. mál]**

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Jón Kjartansson.

**1. gr.**

Á eftir A. I. d. 20. í 1. gr. laganna kemur nýr liður, svo hljóðandi:  
Múlakvísl hjá Kaplagörðum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Vestur-Skaftafellssýsla er eina sýslan á landinu, sem verður að treysta á landleiðina einvörðungu til allra aðdráttá. Þar er engin höfn, en eyðisandar fyrir allri ströndinni. Allar þungavörur verða því að fara að og frá sýslunni með bifreiðum. En leiðin er löng og erfið, og verða flutningar því mjög dýrir. Er því mjög áriðandi, að vegir séu viðunandi.

En vegir í sýslunni eru víða mjög slæmir og ófullkomnir, allvíða aðeins ruðningar, svo að fært sé bifreiðum sumarmánuðina, en vetrarvegir geta þeir ekki talizt.

Versti þröskuldurinn á leiðinni er vondur og erfiður fjallvegur austast í Mýrdal, svo kölluð Höfðabrekkuheiði. Heiði þessi er mjög snjóþung og verður oftast ófær bifreiðum í fyrstu snjóum. Hefur það þrásinnis komið fyrir, að fjallvegur þessi hefur lokast bifreiðum vikum og mánuðum saman vetrarmánuðina. Hljóta allir að skilja, hversu bagalegt þetta er fyrir sveitirnar austan Mýrdalssands, en þar eru 5 hreppar sýslunnar.

Til þess að ráða bót á þessu hefur verið stefnt að því að flytja aðalsamgöngu-leiðina suður fyrir Höfðabrekkuheiði, á svo kallaða syðri leið. Tvær ár eru á þessari leið, Kerlingardalsá og Múlakvísl. Verið er að ljúka smíði brúar á Kerlingardalsá á þessari leið, en þá er Múlakvísl eftir. Sjálf brúin á kvíslina verður ekki dýr. Aðalverkið er varnargarðar beggja vegna brúarinnar, en þeir verða að vera langir, því að kvíslin breytir stöðugt farvegi sínum, hleður undir sig á einum stað og grefur sér farveg á öðrum, eins og jökulvötn gera jafnan, þegar þau fá að leika lausum hala. En með hinum stórvirku tækjum, sem nú eru, er tiltölulega auðvelt að byggja garðana og halda kvíslinni í skefjum.

Með frv. þessu er lagt til, að brú á Múlakvísl á syðri leiðinni verði tekin í brúalög.